Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd stiptsyfirvaldanna, skýrt mjer frá því, að skilyrðum þeim fyrir láni því, er jeg með brjefi, dagsettu 30. júní þ. á., veitti prestinum að Ólafsvöllum, sjera Brynjólfi Jónssyni, til húsbyggingar á prestssetrinu, hafi eigi verið fullnægt, að því leyti sem byggingin væri með torf- og grjótveggjum á 3 vegu, í stað þess að áskilið var í lántökuleyfinu að byggt yrði timburhús, og hafið þjer lagt það til, að lántökuleyfið mætti standa óhaggað, þrátt fyrir þessi afbrigði. Enn fremur hafið þjer sent hingað erindi frá fyrnefndum presti, þar sem hann fer fram á, að sjer verði veittar 800 kr. í viðbót við hið fyrra lán til þess, að fullgjöra bygginguna, og hafið þjer látið í ljósi, að til þessa þurfi í minnsta lagi 600 kr. og mælt með því, að prestinum verði veitt þessi upphæð í viðbót við fyrra lánið. **138** 10. sept.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti samþykki til þess, að hið fyrra lántökuleyfi standi óbreytt, þrátt fyrir afbrigði þau, er orðið hafa á byggingunni, og frá er skýrt, og að sjera Brynjólfur Jónsson fái 600 kr. lán í viðbót, þó svo að eigi verði útborgað meir en helmingur lánsins fyr en byggingin er að öllu fullgjör, og sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að hún sje traust og vel vönduð.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Islandi* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Stóranúpi í Árnessýslu, prófasts Valdimars Briem og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2500 kr. embættislán uppá tekjur Stóranúpsprestakalls, til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri $17 \times 11^1/_2$ al. með kvisti, og áföstum geymsluskúr $11^1/_2 \times 4^1/_2$ al. og með kjallara undir að stærð 11×4 al., járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göflum, aðalhúsið með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi með ofannefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. — Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, *að* eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört, og í áskildu standi, *að* lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með jöfnum afborgunum, *að* húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, göng, skemma, smiðja, hesthús, húsa- og heygarðar, *að* sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3500 krónum að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi. **139** 10. sept.